



Reglur Reykjavíkurborgar varðandi fjölda barna í leikskóla

Gildissvið

Reglur þessar gilda um ákvörðun um fjölda barna í leikskólum sem reknir eru af Reykjavíkurborg.

1. gr. Ákvörðun um fjölda barna hverju sinni

Ákvörðun um fjölda barna í leikskóla hverju sinni skal tekin í samstarfi leikskólastjóra og skóla- og frístundaráðs/borgarráðs. Framkvæmdastjórn SFS hefur umboð til að afgreiða tímabundna breytingu á hámarksfjölda barna. Ákvörðun um fjölda barna og skipulag leikskólastarfs skal taka mið af samsetningu barnahópsins, dvalartíma barna dag hvern, aldri þeirra og þörfum, samsetningu starfsmannahóps og umfangi sérfræðipjónustu. Jafnframt ber að taka tillit til stærðar leik- og kennslurýmis. Skóla- og frístundaráð/borgarráð og eftir atvikum borgarstjórn tekur lokaákvörðun um barnafjölda í leikskólum Reykjavíkurborgar.

2. gr. Tímabundnar breytingar á fjölda barna

2.1 Leikskólastjóri og/eða sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs, skrifstofustjóri fagskrifstofu leikskólamála eða fjármála- og rekstrarþjónusta, getur lagt til við sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs að gerð verði tímabundin breyting til allt að eins árs á fjölda barna í leikskóla hverju sinni. Tillaga um breytingu skal vera rökstudd og unnin í samvinnu við fagstjóra í hverfi leikskólans.

2.2 Skrifstofustjóri fagskrifstofu leikskólamála leggur mat á tillögu um tímabundna breytingu á fjölda barna eftir að aflað hefur verið allra gagna og sjónarmiða í málinu. Mat er unnið eftir verkferlum og viðmiðum meðal annars til að gæta jafnræðis við ákvarðanatöku. Skrifstofustjóri fagskrifstofu leikskólamála gerir umsögn vegna ráðgerðra breytinga.

2.3 Skrifstofustjóri fagskrifstofu leikskólamála kynnir niðurstöðu mats fyrir framkvæmdastjórn með framlagningu umsagnar, sem tekur rökstudda ákvörðun um hvort verður af tímabundinni breytingu á fjölda barna. Ef tillögu er hafnað er aðila gefin kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum.

3. gr. Varanleg breyting á fjölda barna

3.1 Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og/eða leikskólastjóri geta lagt til við skóla- og frístundaráð að gerð verði varanleg breyting á fjölda barna í leikskóla hverju sinni. Tillaga skal vera rökstudd og unnin í samvinnu sviðsstjóra, skrifstofustjóra, leikskólastjóra og fagstjóra í hverfi leikskóla eftir því sem við á.

3.2 Skrifstofustjóri fagskrifstofu leikskólamála leggur mat á tillögu um tímabundna breytingu á fjölda barna eftir að aflað hefur verið allra gagna og sjónarmiða í málinu. Mat er unnið eftir verkferlum og viðmiðum meðal annars til að gæta jafnræðis við ákvarðanatöku. Skrifstofustjóri fagskrifstofu leikskólamála gerir umsögn vegna ráðgerðra breytinga.

3.3 Skrifstofustjóri fagskrifstofu leikskólamála kynnir niðurstöðu mats fyrir framkvæmdastjórn með framlagningu umsagnar, sem leggur mat á tillögu um varanlega breytingu á fjölda barna. Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs gerir umsögn vegna ráðgerðra breytinga á fjölda barna.



3.4 Skóla- og frístundaráð tekur ákvörðun um hvort verður af varanlegri breytingu á fjölda barna að fenginni umsögn sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs. Ákvörðun skóla- og frístundaráðs um varanlega breytingu á fjölda barna skal vísað til afgreiðslu borgarráðs. Ef tillögu er hafnað er aðila gefin kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum.

4. gr. Ágreiningur um fjölda barna í leikskóla

Komi til ágreinings um fjölda barna í leikskóla hverju sinni tekur borgarráð og eftir atvikum, til samræmis við samþykktir Reykjavíkurborgar, borgarstjórn ákvörðun.

5. gr. Viðmið

Fagskrifstofa leikskólamála á skóla- og frístundasviði útbýr viðmið um fjölda barna út frá þeim þáttum sem haft geta áhrif á fjölda barna meðal annars til að gæta jafnræðis við ákvörðunartöku. Þau viðmið sem unnið er út frá koma fram í verklagi um breytingu á hámarksfjölda barna í leikskólum.

6. gr. Lagaumgjörð

Við ákvörðun um fjölda barna í leikskóla skal taka mið af lögum um leikskóla nr. 90/2008, reglugerð nr. 655/2008 um starfsumhverfi leikskóla auk annarra laga og reglna sem þýðingu hafa við ákvörðunina.

Reglurnar taka gildi þann 1. febrúar 2025.

Samþykkt í skóla- og frístundaráði þann [dags.]og í borgarráði þann [dags.]